

Læsi er lykillinn | Lestur og lesskilningur



Leikskóli / 1.–2. þrep

1.–4. bekkur / 2.–4. þrep

5.–7. bekkur / 4.–5. þrep

8.–10. bekkur / 5.–6. þrep

Lestur og lesskilningur 1. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Notkun texta	Styrkja áhugahvöt barna á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þau hafi val um fjölbreytt lesefni.
Notkun texta	
	Vera fyrirmynd hvað lestrarhegðun varðar, t.d. að halda á bók, greina orð frá myndum, velja texta.
Skilningur á samhengi	
	Skapa tækifæri fyrir börn til að tala um texta og tengja eigin reynslu við það sem lesið er.
Skilningur á uppbyggingu	
	Ræða hugtök í tengslum við bækur, s.s. <i>kápa</i> , <i>titill</i> , <i>höfundur</i> .
	Efla hljóðkerfisvitund og stafabækkingu: vinna með framburð orða, vinna með takt og hrynjandi s.s. klappa atkvæði, þulur/visur og rím, að tengja stafi og hljóð.
	Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð, s.s. eigið nafn.
Aðferðir	
	Að vinna með lesskilningsaðferðir, s.s. að tengja við eigin reynslu og bera saman.
	Að efla orðaforða, s.s. með því að ræða merkingu orða.
	Kynna börnum bókasöfn.
	Kenna börnum að ígrunda texta með því að ræða um hann.

Lestur og lesskilningur 2. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	
	Þekkir lesátt.
	Hefur tilfinningu fyrir rími.
	Þekkir heiti og hljóð flestra bókstafa.
	Greinir fremsta og aftasta hljóð í orði.
	Þekkir nokkrar algengar orðmyndir.
	Hljóðar sig í gegnum einföld orð.
Skilningur	
	Gerir sér grein fyrir að textar eigi sér höfunda.
	Lýsir skoðunum sínum á lesnu efni.
	Les/hlustar og sýnir fram á skilning með því að gera grein fyrir megininntaki texta.
	Tjáir sig um hvað einkennir ólíkar persónur í textum.
	Tengir saman atburð og afleiðingu.
	Getur rakið söguþráð í þekktum sögum.
Notkun texta/aðferðir	
	Getur með aðstoð fundið texta sem hæfir tilgangi og áhuga.
	Nýtir sér einhverjar lesskilningsaðferðir, s.s. forspá og samanburð.
	Les óþekkt orð með því að nota ákveðnar aðferðir, s.s. að hljóða sig í gegnum orðið eða geta sér til út frá fyrsta staf og/eða myndum og samhengi texta.
	Sýnir áhuga á bókum og sögum.

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	
	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.
Lesfimi	
	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orði í nánasta umhverfi með orðalistum, spilum, leikjum og orðarýni.
	Efla hljóðkerfisvitund, stafabækkingu og orðaforða, s.s.: kljúfa orð niður í hljóð, að tengja stafi og hljóð, að vinna með samsett orð og orðhluta.
	Sýna hvernig algeng greinarmerki eru notuð, s.s. punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki.
	Æfa og greina raddlestur nemenda og gripa inn í með einstaklingsmiðaðri kennslu.
	Hvetja nemendur til að lesa í hljóði bæði í yndislestri og heimalestri.
Skilningur	
	Kenna nemendum að rýna í upplýsingar til að skilja textann, t.d. greina röð atburða.
	Skapa nemendum tækifæri til að segja frá skoðunum sínum og tilfinningum gagnvart textanum, s.s. varðandi persónur, atburði, umhverfi og boðskap.
	Halda áfram að kenna nemendum að ígrunda texta með því að ræða um hann og hugsa upphátt.
Notkun texta/aðferðir	
	Lesi og endurlesa fjölbreyttan texta, bæði bókmenntir og fræðilegan texta og skapa nemendum tækifæri til að gera það sama.
	Ræða ákvarðanir höfundar við gerð texta, t.d. hvernig persónur eiga að líta út og hvernig þær eru kynntar í textanum. Dæmi: „risinn er vondur“ - hvernig vitum við það? Hvaða vísbendingar draga okkur að þeirri ályktun?
	Sýna og vinna með ólíkar textategundir og ræða tilgang, uppbyggingu og skipulag.
	Vinna með nemendum að því að greina orð og tengsl orða til að styrkja málvitund.
	Kenna nemendum að rýna í texta og nýta þekkingu sína á uppbyggingu og orðaforða til að ná merkingu textans.
	Sýna notkun á og vinna með fjölbreyttar lesskilningsaðferðir, s.s. gagnvirkan lestur (forspá, orðskýringar, að spyrja spurninga og draga saman aðalatriði), hugtakakort, samanburðarkort og spurningavef.
	Halda áfram að kenna nemendum að finna, meta og velja texta, s.s. með því að nota bókasöfn og kenna aðferðir við að leita á netinu.
	Vera sterk fyrirmynd varðandi lestrarhegðun og áhuga á bókum og öðru lesefni.



Lestur og lesskilningur 4. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	
	Umskráning er nokkuð fyrirhafnarlítill.
	Les með áherslum og flæði er ágætt.
	Býr yfir auknum sjónrænum orðaforða, s.s. orðaforða námsgreina og sjaldgæfum orðum og nýtir sér það við lesturinn, en hljóðar sig í gegnum erfið orð.
Skilningur	
	Les og sýnir fram á skilning með því að segja frá aðalatriðum.
	Nýtir sér vísbendingar til að lesa á milli lína og draga ályktanir.
	Gerir sér grein fyrir að eigin túlkun getur verið ólík túlkun höfundar eða annarra lesenda.
	Gerir sér grein fyrir aðferðum sem höfundar nota til að hafa áhrif á upplifun og skilning annarra.
	Gerir sér grein fyrir hvernig persónur, staðreyndir og atburðir eru sett fram og getur rætt um val höfundar á framsetningu.
	Þekkir einkenni og tilgang ólíkra textategunda og nýtir þá þekkingu til skilnings.
Notkun texta/aðferðir	
	Finnur og velur texta sem hæfir ákveðnum tilgangi og lesendahópi, t.d. með því að nota leitarvélar og athuga áreiðanleika heimilda.
	Notar fjölbreyttar aðferðir við að skilja texta, t.d. gagnvirkan lestur, kortagerð af ýmsu tagi, ritunarramma, samræður og orðanámsaðferðir.



Lestur og lesskilningur 5. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	
	Les fyrirhafnarlitið og með góðu flæði.
	Þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það við lesturinn.
	Beitir tjáningu og raddstyrk við túlkun texta.
Skilningur	
	Getur útskýrt hvernig tilgangur höfundar birtist í megininntaki og vísbendingum í texta.
	Gerir sér grein fyrir að gildi, viðhorf og skoðanir lesanda hafa áhrif á túlkun hans á texta.
	Gerir sér grein fyrir þeim áhrifum sem ólíkur still og orðanotkun getur haft, s.s. mótsagnir, fullyrðingar, skoðanir, viðhorf, samheiti eða gildishlaðin orð.
	Nýtir fyrri þekkingu og reynslu til skilnings, t.d. út frá þekkingu á byggingu, skipulagi, orðaforða, málfræði og málvenjum.
Notkun texta/aðferðir	
	Metur á gagnrýninn hátt hversu víðeigandi texti er með tilliti til tilgangs og lesenda.
	Gerir sér grein fyrir áhrifum uppbyggingar og framsetningar texta, t.d. fræðitexta, skáldsögur, myndir, töflur og grófr.
	Velur og notar fjölbreyttar lesskilningsaðferðir.
	Les sér til ánægju og fróðleiks og miðlar þeim áhrifum sem texti hefur á hann.



Lestur og lesskilningur 6. þrep

Færniþættir	Áherslur í kennslu
Lesfimi	
	Les fyrirhafnarlitið og með góðu flæði.
	Þekkir orð og orðhluta sem heildir og nýtir sér það við lesturinn.
	Beitir tjáningu og raddstyrk við túlkun texta.
Skilningur	
	Tekur saman upplýsingar í texta út frá ólíkum sjónarhornum og dregur af þeim ályktanir.
	Ræðir ástæður þess að texti getur verið túlkaður á ólíkan hátt af ólíkum lesendum, t.d. vegna mismunandi bakgrunns eða vegna hlutdrægni.
	Ræðir hvernig bakgrunnur höfundar (tími, umhverfi og aðstæður) hefur áhrif á uppbyggingu texta.
	Greinir hvernig höfundar beita ákveðnum aðferðum, s.s. skruðmælgí, hnytni, háði og kaldhæðni, til að móta skoðanir lesenda.
Notkun texta/aðferðir	
	Metur hversu víðeigandi texti er með tilliti til tilgangs og lesenda.
	Notar þekkingu á einu textaformi til að rýna í annað.
	Gerir sér grein fyrir áhrifum mismunandi málstöðu í texta.
	Velur og notar fjölbreyttar aðferðir við að skilja texta.

